

Fimmtudaginn 18. febrúar 1982.

Nr. 39/1977. **Sigurður Jónsson f. h. Litlu bílaleigunnar**  
 (Hilmar Ingimundarson hrl.)  
 gegn  
**Heklu h/f**  
 (Hörður Einarsson hrl.)  
**Samvinnutryggingum g/t**  
 (Gunnar M. Guðmundsson hrl.)  
**fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og**  
**dómsmálaráðherra og lögreglustjóranum**  
**í Reykjavík f. h. Bifreiðaeftirlits ríkisins**  
 (enginn).

Lausafjárkaup. Greiðsludráttur. Riftun.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús P. Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. febrúar 1977. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt 7.774.44 nýkr. með 7% ársvöxtum frá 1. júní 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. s. m., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögu, en síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu.

Stefndu Hekla h/f og Samvinnutryggingar g/t krefjast hvor um sig staðfestingar hins áfrýjanda dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Þegar málið var flutt munnlega fyrir Hæstarétti, féll þing-

sókn niður af hálfu annarra stefndu. Áður höfðu þeir krafist þess í greinargerð til Hæstaréttar, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hefur áfrýjandi lagt matsgerð þeirra Inga R. Jóhannssonar, löggilts endurskoðanda, og Ómars Anderson sölustjóra, dags. 20. október 1981. Voru þeir dómkvaddir af borgardómara í Reykjavík hinn 27. ágúst 1980 að beiðni áfrýjanda „til að segja til um, hver hefði orðið nettóhagnaður hans af rekstri þriggja bílaleigubifreiða af gerðinni Volkswagen 1300, árg. 1971, tímabilið 1. júní 1971 til 31. desember 1973“. Er niðurstaða matsmanna, að sá hagnaður hefði numið 777.444 gkr. Reisir áfrýjandi kröfugerð sína fyrir Hæstarétti alfarið á greindri matsgerð.

Fallast verður á það með sjó- og verslunardóminum, að ósannað sé, að áfrýjandi hafi að eigin ósk hætt við kaup á þeim þremur bifreiðum, er hann átti pantaðar hjá stefnda Heklu h/f.

Viðurkennt er, að stefndi Hekla h/f gat ekki afhent áfrýjanda bifreiðarnar fyrir hvítasunnu (þ. e. 30. maí) 1971, svo sem áfrýjandi óskaði, og eigi fyrr en hinn 10. júní, er áfrýjanda var tilkynnt, að bifreiðarnar væru tilbúnar til afhendingar. Þegar þess er gætt, sem á undan var gengið í skiptum aðilja, eru þó ekki efni til að telja, að áfrýjandi hafi mátt skilja þá orðsendingu þannig, að þess væri krafist, að hann vitjaði bifreiðanna og gerði skil á kaupverði þeirra þá þegar, sbr. 12. gr. laga nr. 39/1922. Verður ekki fallist á það með stefnda Heklu h/f, að hinn 15. júní hafi verið orðinn slíkur dráttur á greiðslu kaupverðsins af hendi áfrýjanda, að stefndi Hekla h/f hafi af þeirri ástæðu mátt rifta kaupunum við áfrýjanda samkvæmt 28. gr. greindra laga, jafnvel þó að um verslunarkaup hafi verið að ræða.

Áfrýjandi mótmælti því ekki við stefnda Heklu h/f, svo að sannað sé, fyrr en 4. júlí 1972, að þessi stefndi afhenti honum ekki bifreiðarnar, heldur seldi þær öðrum. Ekki gerði áfrýjandi heldur neinar ráðstafanir til að afla sér annarra bifreiða til atvinnurekstrar síns í stað þeirra, sem

hann hafði átt pantaðar. Þegar þetta er virt, eru ekki efni til að taka til greina þá skaðabótakröfu, sem áfrýjandi hefur uppi á hendur stefnda Heklu h/f í máli þessu. Ber því að staðfesta niðurstöðu sjó- og verslunardómsins að því er þennan stefnda varðar, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti milli þessara aðilja falli niður.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber enn fremur að staðfesta hann að því er varðar aðra stefndu. Eftir þeim málsúrslitum ber og að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda Samvinnutryggingum g/t 3.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Rétt er, að málskostnaður falli niður gagnvart öðrum stefndu, er ekki sóttu þing við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurður Jónsson f. h. Litlu bílaleigunnar, greiði stefnda Samvinnutryggingum g/t 3.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Að öðru leyti á málskostnaður fyrir Hæstarétti að falla niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### **Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 30. nóvember 1976.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 8. þ. m., er höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, birtri 16. janúar 1974, af Sigurði Jónssyni, einkaeiganda Litlu bílaleigunnar hér í borg, þá til heimilis að Blómvöllum á Seltjarnarnesi, gegn Heildversluninni Heklu h/f, Laugavegi 170—172, Samvinnutryggingum g/t, Ármúla 3, lögreglustjóranum í Reykjavík f. h. Bifreiðaeftirlits ríkisins, Borgartúni 7, og loks fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til fébótaábyrgðar fyrir Bifreiðaeftirlitið og enn fremur saksóknara ríkisins f. h. ríkisvaldsins, öllum in solidum til greiðslu skaðabóta að fjárhæð samtals kr. 1.953.930 með 1% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 1. júní 1971 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjald-

skrá LMFÍ, eins og hún verður á þeim tíma, sem dómur verður lagður á mál þetta. Með sakaukastefnu, birtri 14. febrúar 1975, var dómsmálaráðherra Íslands stefnt inn í mál þetta f. h. Bifreiðaeftirlits ríkisins til þess að þola dóm in solidum með fyrrgreindum stefndum aðiljum. Fallið var frá kröfum á hendur ríkissaksóknara.

Stefndi Hekla h/f krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi eftir mati dómsins.

Stefndi Samvinnutryggingar g/t krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi miðað við stefnufjárhæð skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndu fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, dómsmálaráðherra og lögreglustjórinn í Reykjavík f. h. Bifreiðaeftirlitsins kröfðust í upphafi frávísunar málsins, en féllu frá þeirri kröfu undir rekstri þess. Þeir krefjast algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði til dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Sáttatilaunir báru engan árangur.

Málavextir.

Stefnandi hefur um árabíl rekið Litlu bílaleiguna hér í borg og eingöngu haft í bílaleigunni Volkswagen bifreiðar, sem hann hefur keypt hjá stefnda Heklu h/f. Vátryggingarviðskipti sín hafði hann við stefnda Samvinnutryggingar g/t og ábyrgðartryggði þar bifreiðar, sem hann leigði út án ökumanns. Í lok aprílmánaðar 1971 pantaði stefnandi fjórar Volkswagen bifreiðar hjá stefnda Heklu h/f, en breytti nokkru síðar pöntun sinni þannig, að hann óskaði aðeins eftir þremur bifreiðum. Stefnanda lá á að fá bifreiðarnar fyrir bílaleigu sína, en mikil eftirsókn var eftir nýjum Volkswagen bifreiðum á þessum tíma. Að venju höfðu starfsmenn stefnda Heklu h/f látið skrásetja umræddar þrjár bifreiðar á nafn stefnanda hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins, og fór sú skráning fram 2. júní 1971. Fengu þær skrásetningarnúmerin R 18184, R 18152 og R 18157. Á þessum tíma gekk stefnandi frá leyfisbeiðni til lögreglustjórans í Reykjavík til þess að fá heimild til að leigja út bifreiðarnar, og hann keypti ábyrgðartryggingu fyrir þær hjá stefnda Samvinnutryggingum g/t með samningi, gerðum 1. júní það ár. Gefin voru út vátryggingarskírteini í samræmi við þetta af hálfu stefnda Samvinnutrygginga g/t, og eru þau dags. 15. júní s. á., með tryggingatímabilinu 1. júní s. á. til 31. desember s. á. Kaupsamningur stefnanda við stefnda Heklu h/f um hinar umræddu þrjár Volks-

wagen bifreiðar var á þá leið, að samanlagt verð bifreiðanna, kr. 711.000, skyldi greiðast þannig, að stefndi greiddi kr. 350.000 í peningum við afhendingu, en afganginn, kr. 361.000, skyldi stefnandi greiða með 12 víxlum, hverjum að fjárhæð kr. 30.000, en einum að fjárhæð kr. 31.000, með gjalddögum mánaðarlega frá 10. júlí 1971 til 10. júní 1972. Forvextir skyldu reiknaðir á víxlana auk bankakostnaðar og stimpilgjalds. Bifreiðarnar voru tilbúnar til afhendingar 10. júní 1971. Hinn 15. júní ritaði stefndi Hekla h/f bréf til Bifreiðaeftirlits ríkisins svohljóðandi: „Þar sem Litla Bílaleigan hætti við kaup á þremur bílum hjá okkur, viljum við vinsamlegast biðja ykkur að breyta skráningunum í samræmi við eftirfarandi: Það eru 18184, grindarnúmer L111.2850. 841 (sic) verður R-18027 eigandi Kjartan Ingimarsson, Álíheimum 36, Reykjavík.

R 18152 grindarnúmer 111.2853.669 verður T-110 og þar fyrir ofan 358 eigandi Aðalbjörg Þorsteinsdóttir, Hólmavík.

R-18157 grindarnúmer 111.2853.657 verður R-26316 eigandi Hjálmar Bjarnason, Selvogsgrunni 30, Reykjavík. Með fyrirfram þökk fyrir skjóta afgreiðslu, virðingarfyllst Hekla h.f. Sæberg Þórðarson.“

Umskráning bifreiðanna skv. þessum fyrirmælum fór fram 18. júní s. á. Ekki varð úr kaupum stefnanda á þessum þrem Volkswagen bifreiðum frá stefnda Heklu h/f, og er umdeilt í máli þessu, hvers vegna af kaupum varð ekki. Stefnandi sagði ýmsum aðiljum, að stefndi Hekla h/f hefði viljað áskilja 12% ársvexti af víxlum þeim, sem hann átti að samþykkja sem lið í kaupum bifreiðanna, en hann hafi mótmælt og bent á, að hæstu lögleyfðir vextir væru 9½%.

12. mars 1972 birti dagblaðið „Þjóðviljinn“ forsíðufregn með fyrirsögninni „Ólögleg skráning bifreiða hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins“. Sagði í frétt á forsíðu, að Bifreiðaeftirlit ríkisins hefði hlaupið eftir duttlungum eins af bifreiðainnflutningsfyrirtækjum landsins og látið hafa sig í að framkvæma ólöglega milli-færslu á skrásetningu þriggja bifreiða. Segir í fréttinni frá deilu þeirri, sem mál þetta nú snýst um, og segir, að mergur málsins sé, að Bifreiðaeftirlit ríkisins verði við bón innflutningsfyrirtækis og setji bílana á nafn þriggja annarra aðilja en stefnanda án þess að hafa nokkra tilkynningu um sölu á bílunum frá bílaleigunni, sem hafi verið skráður eigandi þeirra. Eftir þessu að dæma geti hver sem er komið og heimtað, að bifreið sé flutt á annað númer og eigandanafn, ef honum bara sýnist svo. Viku

síðar birti „Þjóðviljinn“ aftur forsíðufrétt með fyrirsögninni: „Hekla h.f. ætlaði að fá 12% vexti af láni.“ Segir þar frá nöfn-um aðilja, sem ekki hafði verið í fréttinni vikunni áður, að þar sé um að ræða Heklu h/f og Litlu bílaleiguna, og segir, að Litla bílaleigan hafi talið, að Hekla h/f hefði ætlað að taka 12% vexti af láninu í bifreiðunum og hafi blaðinu nú borist bréf frá lögfræðingi Litlu Bílaleigunnar, þar sem þetta sé staðfest.

Í næsta töl. „Þjóðviljans“, þriðjudaginn 21. mars 1972, birtist í blaðinu athugasemd frá Heklu h/f. Þar segir, að um mishermi hafi verið að ræða. Í þessu tilviki, eins og jafnan þegar gjaldfrestur sé veittur, hafi verið gert ráð fyrir, að sá hluti kaupverðsins, sem ekki skyldi staðgreiddur, yrði greiddur með víxlum og af víxlum þessum yrðu greiddir almennir víxilforvextir banka auk stimpilgjalds og bankakostnaðar.

Hinn 4. júlí 1972 ritaði Hilmar Ingimundarson hæstaréttar-lögmaður bréf til stefnda Heklu h/f, þar sem sagði, að til hans hefði leitað Sigurður Jónsson og falið honum að gæta hagsmuna sinna vegna viðskipta þeirra, er hann hefði átt við fyrirtækið í júnímánuði 1971 og út af kaupum á þremur nýjum Volkswagen bifreiðum. Sigurður hafi orðið fyrir miklu tjóni, sem á þessu stigi málsins sé erfitt að segja til um, og af þessum sökum m. a. vilji umbjóðandi hans reyna til þrautar að komast að samkomulagi við Heklu h/f um skaðabætur. Hinn 7. desember 1973 fékk stefnandi frá endurskoðunarskrifstofu Svavars Pálssonar s/f sundurliðun á brúttótekjum Litlu bílaleigunnar á tímabilinu 1. júní 1971 til 30. september 1973 skv. beiðni hans. Kemur þar í ljós, að á tímabili þessu hafa verið í notkun átta bifreiðar og meðaltekjur á hverja bifreið á mánuði kr. 21.010 allt tímabilið. Hinn 27. desember s. á. fékk stefnandi enn bréf frá sama aðilja, þar sem segir, að skv. beiðni stefnanda skuli upplýst, að brúttótekjur þriggja bílaleigubíla miðað við meðaltekjur kr. 21.010 á mánuði, sbr. fyrrgreint bréf, hefðu orðið kr. 1.953.930 fyrir tímabilið 1. júní 1971 til 31. desember 1973, þ. e.  $3 \times 21.010 \times 31$ . Á grundvelli þessara upplýsinga höfðaði stefnandi því næst mál þetta.

Málsástæður aðilja.

Stefnandi styður kröfu sína á hendur stefndu þeim rökum, að Hekla h/f hafi á ólögmetan hátt riftað kaupunum á þrem Volkswagen bifreiðum um miðjan júní 1971 og að samspil hafi verið um þetta ólöglega athæfi með Heklu h/f, Samvinnutryggingum g/t og Bifreiðaeftirliti ríkisins. Því eigi hann kröfu um

bætur fyrir tjón sitt, sem af þessu ólöglega athæf varð, sam-  
eiginlega á hendur þessum aðiljum. Stefnandi hafi verið búinn  
að panta umræddar bifreiðar og búinn að semja um greiðslukjör  
á þeim, þ. e. að hann greiddi út í hönd kr. 350.000, en samþykkti  
12 víxla, hvern að fjárhæð kr. 30.000, fyrir eftirstöðvunum. Þá  
hafi forsvarsmenn stefnda Heklu h/f viljað reikna forvexti af  
vixlum þessum 12% á ári, en það hafi verið hærra en löglegir  
vextir voru á þeim tíma. Stefnandi hafði sjálfur fengið þetta  
útreiknað, bæði í banka, á endurskoðunarskrifstofu og hjá lög-  
manni sínum, og allir hafi bent á, að vaxtaútreikningur Heklu  
h/f væri of hár. Þetta hafi hann bent stefnda Heklu h/f á. Búið  
hafi verið að skrá bifreiðarnar á nafn hans hjá Bifreiðaeftirliti  
ríkisins og hafi hann því verið orðinn löglegur eigandi bifreið-  
anna skv. íslenskum lögum, þar sem skráning bifreiðar hjá Bif-  
reiðaeftirliti ríkisins skeri úr um eignarrétt. Þá hafi það gerst,  
að forsvarismaður Heklu h/f hafi fengið frest til að leiðrétta  
vaxtaútreikning í kaupum aðilja, en notað tímann að stefnanda  
fornspurðum til að tilkynna Bifreiðaeftirliti ríkisins þá einhliða  
ákvörðun Heklu h/f, að bifreiðarnar skyldi skrá á nafn annarra  
manna en stefnanda. Það hafi verið gert umyrðalaust og þar með  
hafi stefnandi orðið af kaupum bifreiðanna og beðið við það  
tjón, eins og hann hafi sýnt fram á í máli þessu. Þetta sé svo  
furðulegt athæfi og samspil, að ótrúlegt megi virðast. Samvinnu-  
tryggingar g/t hafi vitað um þetta athæfi þessara aðilja og séu  
því meðsekir í málinu, enda hafi þeir haft öll tryggingarviðskipti  
Heklu h/f og verið mikil samvinna þessara fyrirtækja í milli.  
Í máli þessu hafi forsvarsmenn Heklu h/f alla tíð andmælt því,  
að deila hafi staðið um vaxtaútreikning þeirra, og reynt að bera  
annað fyrir sig, en það hafi vitanlega ekki tekist. Allt mál þetta  
bendi á, hvað raunverulega hafi gerst, þótt erfitt sé um vik um  
skjallegar sannanir, en bréf Heklu h/f til Bifreiðaeftirlitsins tali  
þó sínu máli. Stefnandi hafi kvartað þegar í stað og tilkynnt  
lögleysu þessa og reynt að leita eftir samningum við Heklu h/f  
í máli þessu og beðið þess, að eitthvað gerðist, en þegar ekkert  
hafi gerst, hafi hann séð sig knúinn til að leita aðstoðar dóm-  
stóla. Varðandi fjárhæð kröfunnar bendir stefnandi á, að þar  
sé um brúttótekjur að ræða og það sé matsatriði dómsins, hverjar  
nettótekjurnar séu. Reiknað sé með tveggja og hálfis árs tíma-  
bili, þ. e. frá 1. júní 1971, þ. e. frá því kaupin voru gerð og rift  
og til ársloka 1973, en ending slíkra bifreiða sé u. þ. b. tvö ár  
og þá sé skipt um bifreiðar. Hann hafi orðið fyrir slíkum tekju-

missi, að hann hafi ekki sjálfur getað keypt nýjar bifreiðar til þess að varna tjóninu, sem hlotist hafi af hinni ólögmætu riftun Heklu h/f.

Stefndi Hekla h/f styður sýknukröfu sína þeim rökum í fyrsta lagi, að stefndi Hekla h/f beri enga bótaábyrgð gagnvart stefnanda. Stefnandi hafi sjálfur rift kaupunum á bifreiðunum og þeir hafi þá selt þær öðrum. Hann eigi því enga bótakröfu á hendur Heklu h/f vegna sinna eigin gerða. Þetta sé upplýst í málinu með framburði tveggja vitna, Lýðs Björnssonar, framkvæmdastjóra Heklu h/f, og Sæbergs Þórðarsonar sölustjóra. Þeir hafi báðir lýst því, að bifreiðarnar hafi verið tilbúnar til afhendingar til stefnanda og reynt hafi verið að fá stefnanda til að taka við þeim, en hann hafi ekki gert það þrátt fyrir eftirgangsmuni. Ágreiningur hafi verið um afhendingartíma bifreiðanna. Stefnandi hafi verið búinn að óska eftir því að fá þær fyrir hvítasunnu, sem var 30. maí, en það hafi ekki verið unnt. Stefnandi hafi kvartað yfir afhendingardrættinum og endað með því að segja, að hann mundi alls ekki taka bifreiðarnar. Við það hafi setið og hafi því þeir verið tilneyddir að selja þær öðrum. Frásagnir stefnanda af einhverri deilu um vaxtaútreikning séu alger tilbúningur, sem hann hafi komið með löngu seinna. Upplýst sé í málinu, að einhver ágreiningur hafi verið fyrr á árum um vaxtaútreikning og sé augljóst, að stefnandi sé þarna að blanda saman þeim atburðum óafvitandi eða vísvitandi. Stefnandi Hekla h/f bendir einnig á, að jafnvel þótt talið væri í máli þessu, að Hekla h/f hafi rift kaupunum, en ekki stefnandi, þá hefði sú riftun verið heimil að lögum. Ágreiningslaust sé, að bifreiðarnar hafi verið tilbúnar 10. júní 1971 og þarna sé um verslunarkaup að ræða. Sigurður hafi aldrei komið frá þeim degi, þ. e. 10. júní, til þess að taka bifreiðarnar, en þarna gildi að hönd selji hendi skv. 14. gr. laganna og skv. 1. mgr. 28. gr. hefði riftun verið heimil undir slíkum kringumstæðum, þar sem þarna hafi verið verulegur dráttur kominn og stefnandi bauð ekki fram lögmæta greiðslu. Til þrautavara bendir stefndi Hekla á, að jafnvel þótt dómariinn féllist ekki á þessi sjónarmið, þá hefði stefnandi með tómlæti sínu glatað öllum rétti, sem hann hugsanlega hefði getað haft, en sem þó sé með öllu mót-mælt. Í verslunarkaupum verði hann að sjálfsögðu að tilkynna öll andmæli þegar í stað, en þarna hafi heilt ár liðið frá því riftunin fór fram, þar til stefnandi ritaði kröfubréf sitt til stefnda Heklu h/f. Meira að segja þá hafi aldrei verið minnst á neinn

vaxtaútreikning. Stefndi Hekla h/f mótmælir eindregið, að stefnandi hafi verið orðinn eigandi bifreiðanna, þegar kaupunum var rift. Hekla h/f hafi einhliða beitt sér fyrir því, að bifreiðarnar voru skráðar á hans nafn skv. vengu í bifreiðainnflutningi og þegar kaupin hafi gengið til baka, hafi Hekla h/f á sama hátt og áður einhliða beitt sér fyrir því, að bifreiðarnar voru skráðar á nöfn annarra manna. Það, að bifreiðarnar hafi verið skráðar á nafn Sigurðar í tvær vikur, þýði ekki, að hann hafi verið orðinn eigandi bifreiðanna, þar sem eignarréttur fari skv. kaupum, en ekki skráningu. Í öðru lagi bendir stefndi Hekla h/f á, að stefnandi hafi alls ekki sýnt fram á tjón í máli þessu og hafi hann þó haft ærinn tíma og næði til þess. Í stefnu geri hann kröfu til þriggja aðilja, að þeir greiði honum sameiginlega kr. 1.953.930 ásamt vöxtum. Fjárhæð þessi sé fengin með því að reikna meðalbrúttótækjur á bílaleigubíl hjá stefnanda á tveggja og hálfis árs tímabili. Slíkur útreikningur hafi ekkert með tjón að gera og segi ekkert annað en það, sem hann fjalli um, þ. e. meðaltekjur eða brúttótækjur. Stefnandi hafi því alls ekki sýnt fram á neitt tjón í máli þessu.

Stefndi Samvinnutryggingar g/t styður sýknukröfu sína þeim rökum aðallega, að stefnandi hafi alls ekki sýnt fram á í málinu, hvers vegna hann geri kröfu á hendur honum. Krafa á hendur Samvinnutryggingum g/t sé gersamlega út í bláinn og hafi alla tíð verið það. Mál þetta sé mjög sérkennilegt og þrátt fyrir mörg dskj. í málinu sé alls ekki umnt að finna, með hvaða rökum stefnandi beini nokkrum kröfum á hendur Samvinnutryggingum. Stefnandi hafi keypt ábyrgðartryggingu fyrir bifreiðar sínar hjá stefnda Samvinnutryggingum og síðan hafi váttryggingarviðskipti þessi gengið til baka og hann hafi sjálfur staðið í því. Löngu síðar hafi hann farið að gera einhverjar kröfur á hendur Samvinnutryggingum og sagt, að þeir hefðu haft einhvers konar samspil við Heklu h/f, sem hann hafi átt í einhverjum deilum við. Aðild stefnda Samvinnutrygginga g/t að máli þessu sé því langsóttari en dæmi séu til. Þetta hljóti að vega þungt á metunum, þegar málskostnaðarkrafa stefnda Samvinnutrygginga verði tekin til athugunar hjá dómnum.

Stefndu fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, lögreglustjórnin í Reykjavík f. h. Bifreiðaeftirlitsins og ríkissaksóknari kröfðust í upphafi frávisunar málsins, en féllu frá þeirri kröfu sinni undir rekstri þess. Þessir stefndu ásamt stefnda dómsmálaráðherra f. h. Bifreiðaeftirlits ríkisins styðja kröfu sína um algera sýknu

með þeim rökum, að enginn þessara aðilja eigi hugsanlega sök á nokkru tjóni, sem stefnandi hafi hugsanlega orðið fyrir í deilum sínum við stefnda Heklu h/f. Af hálfu Bifreiðaeftirlitsins er bent á, að umræddar bifreiðar hafi alls ekki verið „skráðar“ 2. júní 1971, heldur hafi eingöngu verið um tilkynningu að ræða, til þess að unnt væri að koma lögboðinni tryggingu í lag. Slíkt sé ekki „skráning“ í skilningi umferðarlaga, heldur tilkynning skv. 11. gr. þeirra laga. Síðan fari skráning fram, eftir að kvittun hafi verið út gefin. Þess vegna hafi heldur ekki verið um „umskráningu“ að ræða 18. júní 1971, heldur leiðréttingu á tilkynningu. Þetta sé augljóst, þegar málið sé skoðað, en rétt sé að taka þetta fram vegna máflutnings stefnanda. Ekkert sé í máli þessu í ljós leitt, að mistök hafi orðið hjá Bifreiðaeftirlitinu, er leitt gætu til nokkurrar bótaskyldu. Viðskipti stefnanda við Heildverslunina Heklu h/f komi Bifreiðaeftirlitinu ekkert við. Bifreiðaeftirlitið hafi enga afstöðu tekið gagnvart því, hver sé raunverulegur eigandi bifreiðanna, heldur eingöngu byggt á upplýsingum frá aðiljum. Viðskipti stefnanda og Heklu h/f og svo skráning Bifreiðaeftirlitsins séu gersamlega aðskilin atriði og þess vegna eigi kröfur á hendur þessum aðiljum alls ekki heima í einu og sama málinu. Öllum fullyrðingum stefnanda um samspil eða samband heildverslunarinnar Heklu h/f og Bifreiðaeftirlitsins sé vísað á bug sem algerri fjarstæðu svo og öllum tilvitnunum sækjanda í meistara Hallgrím þar að lútandi.

Niðurstaða.

Telja verður upplýst í máli þessu, að verslunarkaup hafi verið gerð milli stefnanda og stefnda heildverslunarinnar Heklu h/f um kaup á þremur Volkswagen bifreiðum og að kaupunum hafi verið rift á tímabilinu 10.—15. júní 1971. Gegn mótmælum stefnanda verður ekki talið sannað, að hann hafi sjálfur rift kaupunum, og verður talið, að Hekla h/f hafi gert það. Hekla h/f hefur borið fyrir sig heimild í 28. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup og bent á, að stefnandi hafi dregið verulega að ganga frá samningum um greiðslu kaupverðsins og því hafi riftun verið heimil af þeirra hálfu. Gegn mótmælum stefnanda er ósannað af hálfu Heklu h/f, að stefnanda hafi verið tilkynnt um vilja Heklu h/f til riftunar kaupanna, sem 32. gr. sömu laga mælir fyrir um. Samkvæmt lokaorðum 32. gr. laganna missti Hekla h/f við það rétt sinn til að rifta kaupunum, og var riftunin því ólög-mæt, eins og á stóð.

Eigi verður séð, á hvern hátt stefndi Samvinnutryggingar g/t

hefur hér átt hlut að máli, og verður öllum kröfum á hendur honum vísað á bug sem órökstuddum. Eigi verður heldur séð, á hvern hátt Bifreiðaeftirlit ríkisins getur hafa brotið rétt stefnanda. Einhliða yfirlýsing stefnda Heklu h/f til Bifreiðaeftirlitsins um eiganda bifreiðanna og einhliða yfirlýsing sama um breytingu á því skapaði stefnanda engan rétt á hendur Bifreiðaeftirliti ríkisins. Þegar af þeirri ástæðu verða kröfur á hendur Bifreiðaeftirlitinu ekki teknar til greina.

Samkvæmt ofansögðu verður talið, að riftun Heklu h/f á bifreiðakaupunum hafi verið ólögmæt, eins og hún var framkvæmd. Stefnandi hefur hins vegar í máli þessu ekki sýnt fram á, að hann hafi beðið tjón vegna þessarar ólögmætu riftunar. Gögn um meðalbrúttótekjur af bifreiðum, sem leigðar eru út án ökumanns, sýna ekki tjón af því að hafa orðið án þriggja nýrra bifreiða. Þar sem stefnandi hefur ekki á neinn hátt gert grein fyrir tjóni sínu og lýst því yfir hér fyrir dómi, að slíkt hafi ekki verið og sé ekki unnt, verður krafa hans á hendur stefnda Heklu h/f ekki tekin til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu er rétt, að málskostnaður milli stefnanda og stefnda Heklu h/f falli niður. Stefnandi verður dæmdur til að greiða stefnda Samvinnutryggingum g/t málskostnað, sem ákveðst kr. 175.000. Einnig verður stefnanda gert að greiða stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, dómsmálaráðherra og lögreglustjóranum í Reykjavík f. h. Bifreiðaeftirlits ríkisins óskipt málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 35.000 í samræmi við mætingar í málinu.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Helga V. Jónssyni hæstaréttarlögmanni og Jóhanni J. Ólafssyni forstjóra.

#### Dómsorð:

Stefndu, Hekla h/f, Samvinnutryggingar g/t, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, dómsmálaráðherra og lögreglustjórinn í Reykjavík f. h. Bifreiðaeftirlits ríkisins, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Sigurðar Jónssonar f. h. Litlu bílaleigunnar, í máli þessu.

Málskostnaður milli stefnanda og stefnda Heklu h/f falli niður.

Stefnandi greiði stefnda Samvinnutryggingum g/t kr. 175.000 í málskostnað og stefndu fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, dómsmálaráðherra og lögreglustjóranum í Reykja-

vík f. h. Bifreiðaeftirlits ríkisins óskipt kr. 35.000 í málskostnað.

Greiðslur þessar fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 19. febrúar 1982.

Nr. 29/1981. **Ákærvaldið**  
 (Þórður Björnsson ríkissaksóknari)  
 gegn  
**Ingvari Sigurjóni Garðarssyni**  
 (Örn Clausen hrl.).

Skjalafals.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Mál þetta var í héraði höfðað gegn fjórum mönnum, og undu þeir allir við héraðsdóm nema ákærði, en málinu er að því er hann varðar skotið til Hæstaréttar með stefnu 3. nóvember 1980 að ósk hans, og hefur ákærvaldið áfrýjað málinu til þyngingar. Ágrip málsins barst Hæstarétti 23. júní 1981.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdóms, að ákærði hafi gerst sekur um brot á 155. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með háttsemi sinni, sem lýst er í 4., 5., 7.—10., 12. og 13. lið ákæru 24. mars 1980, en hér fyrir dómi lýsti ríkissaksóknari því yfir, að ákæruefni í 11. lið ákæru tæki ekki til ákærða. Refsingur ber að ákveða með vísan til 77. og 78. gr. sömu laga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuðir. Fjárkröfu Olúfélagsins Skeljungs að fjárhæð 10.000 gamlar krónur, er varðar 11. lið ákæru, ber að vísa frá dómi að því er ákærða varðar, sbr. 146. gr. laga nr. 74/